

**Nd.**

**134. Lög**

um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

(Afgreidd frá Nd. 14. mars).

1. gr.

182. gr. hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

Hafi nokkur, karl eða kona, sem veit eða hefir grun um að hann hafi smitandi kynsjúkdóm, hvern sem er þeirra þriggja sjúkdóma, sem ræðir um í lögum nr. 16 frá 1923, með holdlegu samræði eða öðrum atlotum, er eigi verða talin holdlegt samræði, valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast, þá varðar það fangelsi eða, ef miklar málsbætur eru, sektum, ekki minni en 100 kr. Hafi smitun átt sjer stað, má þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu alt að tveimur árum.

Hafi nokkur, karl eða kona, á annan hátt en að ofan segir, af ásettu ráði eða af miklu gáleysi valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast af kynsjúkdómi, þá varðar það fangelsi eða sektum. Hafi smitun átt sjer stað, má einnig, þegar svo stendur á, þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu allt að tveimur árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.